

STEFNA UM SAMFÉLAGSLEGA ÁBYRGÐ

Með stefnu um samfélagsábyrgð leitast Ísfélag hf („Ísfélagið“) við að flétta efnahags-, samfélags- og umhverfismál við almenna starfshætti félagsins. Ísfélagið leitast við að vera traustur samfélagsþegn sem sýnir ábyrga hegðun gagnvart nærsamfélaginu með gagnsæi í allri sinni upplýsingagjöf. Stefna þessi um samfélagsábyrgð skal vera aðgengileg á vefsíðu félagsins.

Samfélagsábyrgðarstefna Ísfélagsins byggir á fjórum meginstoðum:

Mannauður

Markmið Ísfélagsins er að mannaúður félagsins sé skipaður ánægðu og hæfu starfsfólki sem býr yfir færni og þekkingu til að takast á við störf sín með skýrum ferlum og öguðum vinnubrögðum. Starfsfólk Ísfélagsins tekur þátt í að móta og bæta starfsemina og starfar í anda jafnræðis og jafnréttis. Ísfélagið hefur sett sér sérstaka starfsmannastefnu er snýr að fræðslu, heilsufari, starfsánægju og fjölbreytileika. Jafnframt hefur félagið sett sér stefnu í jafnréttismálum og persónuvernd.

Starfsumhverfi

Ísfélagið vinnur á kerfisbundinn hátt að málum sem snerta hollustuhætti, öryggi og umhverfisvernd. Ísfélagið stefnir að stöðugt bættum árangri á þessu sviði. Félagið leggur ríka áherslu á að allar lagalegar skyldur hvað þessi mál varðar séu uppfylltar

Samstarfsaðilar og birgjar

Ísfélagið hefur sanngirni að leiðarljósi í samskiptum við samstarfsaðila og birgja fyrirtækisins og leggur áherslu á að báðir aðilar njóti góðs af samstarfinu. Ísfélagið gerir ráð fyrir að samstarfsaðilar fyrirtækisins deili með því grundvallarsjónarmiðum og hefur það áhrif á val félagsins á samstarfsaðilum.

Samfélag

Ísfélagið lítur á það sem skyldu sína gagnvart samfélaginu að takmarka eins og mögulegt er neikvætt fótspor félagsins. Á sama tíma leitast félagið við að hámarka jákvæð áhrif sín á samfélagið og skapa þannig sameiginlegt virði fyrir fyrirtækið sjálft, samfélagið og umhverfið.

Þannig samþykkt af stjórn Ísfélags hf.